



Borgarráð

### ***Stýrihópur um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar***

Drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar eru lögð fram til samþykktar borgarráðs. Óskað er eftir því að borgarráð skipi fimm fulltrúa í hópinn. Hlutverk stýrihópsins er að vinna að mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart b-hluta félögum og byggðasamlögum sem Reykjavíkurborg á aðild að.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar sl. voru samþykktar tillögur að breytingum á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Á meðal tillagnanna var að settur yrði á laggirnar stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart b-hluta félögum þar sem m.a. verði að finna kröfur um stjórnarhætti b-hluta félaga, meðferð atkvæðisréttar, form og efnisreglur samskipta við stjórnir og stjórnendur félaganna o.fl. Skv. greinargerð með tillögunni snýr hún að því að skilgreina í almennri stefnu hlutverk Reykjavíkurborgar sem eiganda b-hluta fyrirtækja og að því að skýra og skerpa allt verklag í kringum samskipti við umrædd félög og almennar línur varðandi stjórnarhætti, sem þar líkt og hjá Reykjavíkurborg eiga að vera til fyrirmyndar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar.

# ERINDISBRÉF

## Stýrihópur um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar sl. voru samþykktar tillögur að breytingum á skipulagi stjórnslu Reykjavíkurborgar. Á meðal tillagnanna var að settur yrði á laggirnar stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart b-hluta félögum þar sem m.a. verði að finna kröfur um stjórnarhætti b-hluta félaga, meðferð atkvæðisréttar, form og efnisreglur samskipta við stjórnir og stjórnendur félaganna o.fl. Skv. greinargerð með tillögunni snýr hún að því að skilgreina í almennri stefnu hlutverk Reykjavíkurborgar sem eiganda b-hluta fyrirtækja og að því að skýra og skerpa allt verklag í kringum samskipti við umrædd félög og almennar línur varðandi stjórnarhætti, sem þar líkt og hjá Reykjavíkurborg eiga að vera til fyrirmyndar.

### Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á að vinna að mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart b-hluta félögum og byggðasamlögum sem Reykjavíkurborg á aðild að. Markmið stefnunnar er að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun umræddra félaga þannig að almennt traust ríki á stjórn og starfsemi þeirra. Í stefnunni verði m.a. að finna kröfur um stjórnarhætti umræddra félaga, meðferð atkvæðisréttar, form og efnisreglur samskipta við stjórnir og stjórnendur félaganna. Þá verði í stefnunni fjallað um hvernig upplýsingagjöf milli eiganda og félags um rekstur og stefnumörkun eigi að vera háttáð sem og ábyrgðarskilum milli eigenda, stjórnar og stjórnenda.

### Helstu verkefni:

- Mótun tillögu að almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar
- Tryggja að samráð sé haft við þá aðila sem þurfa að koma að mótun stefnunnar

### Stýrihópurinn skipa:

Fimm fulltrúar skipaðir af borgarráði.

Með hópnum starfar Stefán Eiríksson borgarritari.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn skal leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Hópnum er heimilt að semja við utanaðkomandi ráðgjafa um ráðgjöf vegna verkefnisins.

### Starfstímabil:

Stýrihópurinn skal skila ábyrgðarmanni niðurstöðum eigi síðar en 15. janúar nk.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson.